



A 166g/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um þingmannatillögu um sjónvarpsverðlaun Norðurlandaráðs

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 166g/presidiet.

Forsaga

Þingmannatillagan var lögð fram af flokkahópi miðjumanna árið 2015. Tillagan var til fyrstu umræðu á 67. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 2015.

Lagt var til að

Norðurlandaráð beindi tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að stofnað yrði til sjónvarpsverðlauna Norðurlandaráðs.

Fjallað var um tillöguna í forsætisnefnd í nóvember 2015 og apríl 2016.

Tillöguflytjandi óskaði síðan eftir að umorða tillöguna. Endurskoðaða tillagan hljóðaði svo:

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að Norðurlandaráð stofni til norrænna sjónvarpsverðlauna;
að sjónvarpsverðlaun Norðurlandaráðs verði veitt fyrir leikþátt eða leikna þáttaröð;
að verðlaunahafar sjónvarpsverðlauna Norðurlandaráðs skuli vera höfundur og leikstjóri leikþáttarins/leiknu þáttaraðarinnar.

Fjallað var um endurskoðuðu tillöguna í forsætisnefnd í janúar 2017, júní 2017, janúar 2019 og apríl 2019.

Forsætisnefndin samþykkti í júní 2017 að ráðast í heildarendurskoðun á verðlaunahátíð Norðurlandaráðs og verðlaunum Norðurlandaráðs, þar með talið hugsanlegum sjónvarpsverðlaunum Norðurlandaráðs.

Utanaðkomandi rannsakandi, Lead Agency/Oxford Research, annaðist endurskoðunina og mat það svo að taka yrði fastari tókum skipulag, fjárhag og samskipta- og upplýsingastarf varðandi verðlaun Norðurlandaráðs áður en tekin yrði ákvörðun um ný verðlaun. Norræna



Þekkingar- og menningarnefndin og Norræna sjálfbærnefndin hafa afhent forsætisnefnd umsagnir um skýrsluna þar sem tekið er undir þetta sjónarmið.

Menningarmálaráðherrar Norðurlanda hafa lýst yfir að ráðherranefndin sé andvíg því að bæta við sjónvarpsverðlaunum. Formaður ráðherranefndarinnar (MR-K) sagði á fundi forsætisnefndar í janúar 2019 að frekar ætti að sinna þeim verðlaunum betur sem þegar eru veitt en að bæta við verðlaunum.

Á samráðsfundi með Norrænu þekkingar- og menningarnefndinni á þingi Norðurlandaráðs í Ósló árið 2018 bentu ráðherrar menningarmála einnig á að sjónvarpsgeirinn væri máttugur í sjálfum sér og að þegar væru til norræn sjónvarpsverðlaun.

Að því er varðar mátt sjónvarpsgeirans þá fjármagnar Norræni kvikmynda- og sjónvarps sjóðurinn kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð á Norðurlöndum og aðstoðar við að koma norrænum kvikmyndum og sjónvarpsefni á framfæri á alþjóðavettvangi.

Nordvisions samstarfið milli norrænna ljósvakamiðla í almenningsþjónustu tekur einnig þátt í framleiðslu meira en 1.600 samstarfsverkefna og skiptum á rúmlega 3.200 þáttum ár hvert.¹ Samstarfsverkefni og þáttaskipti Nordvision hafa aukist úr samanlagt 3.829 árið 2012 í 4.912 árið 2018² eða sem nemur rúmlega 20 prósentum.

Þau norrænu sjónvarpsverðlaun sem þegar eru fyrir hendi eru:

- Verðlaun Norræna kvikmynda- og sjónvarps sjóðsins, afhent árlega á Bókamessu Gautaborgar, sem eru veitt norrænum handritshöfundi að sjónvarpsþáttaröð.
- Nordiske Seriedager Awards, verðlaun gagnrýnenda sem veitt eru í Ósló í september á hverju ári á verðlaunahátíðinni Nordiske seriedager.

Umsagnarferli

Upphaflega tillagan var til umsagnar hjá Norrænu þekkingar- og menningarnefndinni sem fjallaði um hana á fundi sínum í janúar 2016. Nefndin tók vel í tillöguna á þeim tíma en mælti með úttekt sem liti til kostnaðar og viðmiða fyrir verðlaunin, sem og hvort verðlaunin ættu að samlagast núverandi kvikmyndaverðlaunum og hvort enn ein verðlaunin rýrðu gildi núverandi verðlauna.

Nefndin hafði einnig samband við Norræna kvikmynda- og sjónvarps sjóðinn varðandi málið. Stjórn sjóðsins var ekki mótfallin sjónvarpsverðlaunum, en taldi að tilgang og markmið sjónvarpsverðlauna þyrfti að skýra nánar, sem og að fram þyrfti að fara úttekt til að útbúa viðmið fyrir verðlaunin.

Endurskoðaða tillagan var einnig til umsagnar hjá Norrænu þekkingar- og menningarnefndinni sem fjallaði um hana á fundi sínum í apríl 2017. Nefndin tók einnig vel í tillöguna þá en mat það svo að ekki væri við hæfi að fjarlægja ein núverandi verðlauna án þess að nefndin beindi tilmælum til forsætisnefndar um að skoða kosti þess og galla að sameina

¹ Nordvisions ársrapport 2018-2019 (Ársskýrsla Nordvision 2018–2019)

² Nordvisions ársrapport 2018-2019 (Ársskýrsla Nordvision 2018–2019)



kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs nýjum sjónvarpsverðlaunum. Nefndin beindi einnig þeim tilmælum til forsætisnefndar að hún hefði viðræður við verðlaunahátíðina *Nordiske seriedager* um samstarf. Nefndin benti á að mikilvægt væri ef til samstarfs kæmi, þá ætti að afhenda öll verðlaun Norðurlandaráðs á verðlaunahátíð Norðurlandaráðs. Einnig ber að kanna nánar fjárhagslegar afleiðingar, einkum með tilliti til markaðssetningar nýrra sjónvarpsverðlauna.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin tekur fram að tilgangur verðlauna Norðurlandaráðs sé að vekja máls á og skapa áhuga á sameiginlegri menningu Norðurlanda og samstarfi um umhverfismál. Forsætisnefndin telur ekki að þingmannatillagan feli í sér virðisauka á þann veg að auka sýnileika eða að stuðla að auknum áhuga á norrænni sjónvarpsþáttagerð þar sem þegar er til staðar sýnilegt og vaxandi samstarf á Norðurlöndum um gerð sjónvarpsefnis bæði hjá Nordvision og Norræna kvikmynda- og sjónvarpsjóðnum. Þar að auki eru þegar til norræn sjónvarpsverðlaun.

Forsætisnefnd telur ekki vera tímabært að koma á fót sjónvarpsverðlaunum. Norræna ráðherranefndin hefur lýst yfir að hún óski ekki eftir sjónvarpsverðlaunum. Utanaðkomandi úttekt á verðlaunum Norðurlandaráðs og verðlaunahátíð taldi að þörf væri á að taka fastari tókum skipulag, fjárhag og samskipta- og upplýsingastarf varðandi verðlaun Norðurlandaráðs áður en tekin yrði ákvörðun um ný verðlaun. Norræna þekkingar- og menningarnefndin og Norræna sjálfbærnefndin höfðu báðar lýst yfir stuðningi við þessa afstöðu og forsætisnefnd er sammála nefndunum hvað þetta varðar.

Norðurlandaráð vinnur nú að eftirfylgni mats á verðlaununum og verðlaunahátíðinni og enn hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um hvernig verðlaununum og verðlaunahátíðinni verður hagað í framtíðinni. Forsætisnefndin telur því ekki tímabært að bæta við verðlaunum eða fjarlægja núverandi verðlaun, né heldur að sameina núverandi verðlaun nýjum verðlaunum.

Forsætisnefndin telur mikilvægt að norræn framleiðsla sjónvarpsefnis sé ekki bara sýnileg heldur einnig aðgengileg Norðurlandabúum. Þess vegna ber að berjast gegn lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum að svo miklu leyti sem þess er kostur. Forsætisnefndin tekur fram að Norræna ráðherranefndin hafi nú tekið saman skýrsluna *Nordisk tv på tværs af grænser* (Norrænt sjónvarp yfir landamæri) sem inniheldur tillögur um aukinn aðgang Norðurlandabúa að norrænu sjónvarpsefni. Forsætisnefndin telur að framkvæmd þeirra aðgerða sem lagðar eru til í skýrslunni geti haft mikla þýðingu fyrir aðgang að norrænu sjónvarpsefni. Forsætisnefndin telur ekki að stofnun sjónvarpsverðlauna hefði mikla þýðingu fyrir aukinn aðgang að norrænu sjónvarpsefni.

Fjallað hefur verið um þingmannatillöguna um sjónvarpsverðlaun Norðurlandaráðs í forsætisnefnd síðan árið 2015. Niðurstaðan varð sú að ekki er meirihluti fyrir tillögunni. Af þeim sökum leggur forsætisnefndin til að Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1669/presidiet.



Kaupmannahöfn, 9. apríl 2019

Christian Juhl (EL)
Erkki Tuomioja (sd)
Gunilla Carlsson (S)
Jessica Polfjärd (m)
Martin Kolberg (A)

Michael Tetzschner (H)
Mikkel Dencker (DF)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)



Fyrirvari

Flokkahópur miðjumanna gerir fyrirvara við ákvörðunina þar sem við álitum að mikið norrænt notagildi og lýðræðisgildi felist í því að verðlauna einnig sjónvarpsþætti í háum gæðaflokki sem Norðurlandabúar hafa beinan aðgang að í stofunni heima eða tölvunni, svo að dæmi séu tekin, og telja að tillagan eigi að hljóða svo:

Norðurlandaráð samþykki

að það lýsi vilja okkar við menningarmálaráðherra Norðurlanda um sameinuð sjónvarps- og kvikmyndaverðlaun og biðji þá að kanna afleiðingar sem þau hefðu á fjárhag og framkvæmd verðlaunanna.

Kaupmannahöfn, 9. apríl 2019

Bertel Haarder (V)

Britt Lundberg (ÅC)

Magnus Ek (C)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)